

Miðvikudaginn 16. janúar 1963.

Nr. 183/1962. **Hjálmar Sveinbjörnsson**

gegn

Guðmundi Magnússyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vixilmál. Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégeta, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur með stefnu 20. desember 1962 skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 6. október s. á., og fjárnámsgerð, sem fram fór 1. nóvember s. á. Krefst áfrýjandi þess, að dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki komið fyrir dóm við fyrirtöku máls þessa, og er honum þó löglega stefnt.

Málið er flutt skriflega samkvæmt heimild í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 57/1962, og dæmt samkvæmt framlögðum skjölum.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum, sem standi í vegi fyrir kröfum áfrýjanda, ber að taka þær til greina.

Stefndi hafði áfrýjað greindum dómsathöfnum með stefnu 4. desember 1962 til þingfestingar 1. febrúar þ. á. Samkvæmt vottorði borgardómara 9. þ. m. hafði stefndi þá eigi beðið um dómsgerðir í máli aðilja. Verður að telja, að stefndi hafi veitt það tilefni til málskots áfrýjanda, að dæma beri stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, er ákveðst kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera öröskuð.

Stefndi, Guðmundur Magnússon, greiði áfrýjanda, Hjálmari Sveinbjörnssyni, málskostnað í Hæstarétti, kr. 4.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. október 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. september s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 15. september 1962 af Hjálmari Sveinbjörnssyni, Vitastíg 16, Reykjavík gegn Guðmundi Magnússyni, Tunguvegi 12, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð krónur 15.000.00, útgefins 24/1 1962 af stefnanda og samþykkt af stefnda til greiðslu í Búnaðarbankanum, hér í bæ, 24. apríl 1962, en á víxli þessum, sem fallið var frá afsögn á sökum greiðslufalls, er stefnandi ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 15.000.00, með 9% ársvöxtum frá 4. september 1962 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 1552.00 í bankakostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 2.500.00.

Valgarður Kristjánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Magnússon, greiði stefnanda, Hjálmari Sveinbjörnssyni, kr. 15.000.00 með 9% ársvöxtum frá 4. september 1962 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 1.552.00 í bankakostnað og kr. 2.500.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 1. nóvember 1962.

— — — — —

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 666/1962, svohljóðandi: — — — —

Sveinn H. Valdimarsson hdl. mætir fyrir gerðarbeiðanda og krefst fjárnáms fyrir kr. 15.000.00, 9% ársvöxtum frá 4/9 1962 til

greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ í þóknun, kr. 1552.00 í bankakostnað, kr. 2.500.00 í málskostnað, auk kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Gerðarþoli á hér heima og er ekki viðstaddur. Kona hans, Anna Steindórsdóttir, mætir og segist ekki borga skuldina.

Samkvæmt ábendingu hennar lýsti fógæti yfir fjárnámi í bílnum R 11189 og lofaði mætt að láta gerðarþola vita af fjárnáminu.

— — — — —

Mánudaginn 21. janúar 1963.

Nr. 98/1962. **Skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús H**
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

J f. h. ólögráða sonar hennar, E
(Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Mál til véfengingar faðernis. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1962. Krefst hann dóms fyrir því, „að H teljist ekki hafa verið faðir barnsins E“. Hann krefst ekki málskostnaðar.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, gerir þessar kröfur:

1. „Að viðurkennt verði með dómi, að H teljist ekki hafa verið faðir drengsins E, f. 25. febrúar 1959.“

2. „Að áfrýjandi, db. H, verði dæmt til greiðslu málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.“

3. Að málflytjanda stefnda fyrir Hæstarétti verði dæmd hæfileg talsmannslaun úr ríkissjóði.

B, sem í héraðsdómi greinir, hefur verið stefnt til réttargæzlu. Hefur hann andmælt kröfum áfrýjanda og krafist ómaksbóta úr hendi hans fyrir mót í Hæstarétti.